

Mánudaginn 13. októbermánaðar.

Nr. 12/1902: Verzlunarstjóri Örum & Wulffs  
verzlunar á Húsavík f. h.  
verzlunarinnar  
gegn  
Steinólfi Eyólfssyni.

D ó m u r:

Hinn stefndi í máli þessu, söðlasmiður Steinólfur Eyólfsson, fekk með strandferðabátinum »Hólar« hinn 19. september f. á. til Húsavíkur timbur til húsabyggingar; daginn eftir flotaði hann timbrinu á land, bar það upp í fjöruna og hlóð því þar upp. Lá timbrið óhreyft þar í fjörunni til þess 26. s. m., en þá lét hann byrja að vinna það; daginn eftir, hinn 27., lét hann þó bera timbrið upp úr fjörunni upp á lóð annars manns, og hafði hann fengið leyfi hans til þess. En daginn áður (s: hinn 26.) hafði verzlunarstjóri Örum & Wulffs verzlunar á Húsavík komið til stefnda, tjáð honum, að fjaran væri honum óheimil til þessarar notkunar, og skipað honum að flytja timbrið burt af lóðinni (s: úr fjörunni) innan sólarhrings. Síðan höfðaði verzlunarstjórinn mál á móti stefnda fyrir yfirgang og óheimila brúkun lóðarinnar til skaðabótageiðslu, sektar-útláta og málskostnaðargreiðslu, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 21. desbr. f. á. á þá leið, að stefndi var algjörlega sýknaður, og málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir verzlunarstjóri Örum & Wulffs verzlunar á Húsavík skotið til yfirdómsins með

stefnu, útgefinni 9. maí þ. á., og hefir hann hér fyrir réttinum krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér fyrir hönd verzlunarinnar 50 kr. eða aðra upphæð nægilega eftir mati réttarins fyrir móðgun og vanheimila yfirgangsnotkun á hinni umræddu lóð, þó ekki minna heldur en sem svarar 6 daga leigu af lóðinni með sama eftirgjaldi, er verzlunin verður að borga fyrir réttindin til staðarins (O: Húsavíkurstaðar), »en það verða 1 kr. 62 aur.«, segir áfrýjandi, að stefndi auk þess verði dæmdur til þess að greiða hæfilega sekt eftir mati réttarins fyrir gjörræði sitt, sjálftöku og ólöglega aðferð við notkun lóðarinnar, og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinn stefndi, Steinólfur Eyólfsson hefir eigi mætt né látið mæta af sinni nendi fyrir yfirdóminum, þótt löglega sé stefndur, og verður því málið dæmt eftir framlögðum skjölum og framkomnum gögnum samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Það er viðurkent af áfrýjanda, að verzlun Örum & Wulffs hafi ekki beðið neitt beint peningalegt tjón við það, þótt stefndi legði umrætt timbur upp í fjöru þá, er verzlunin eignar sér, og hefði það þar nokkra daga, og það er að öðru leyti ekkert komið fram í málinu, er bendi á það, að verzlunin hafi beðið nokkurn skaða af greindum verknaði stefnda. Stefndi verður því ekki, þegar af þessari ástæðu, dæmdur til að greiða áfrýjanda neinar skadabætur í þessu máli. Það eru eigi heldur lög til þess, hvernig sem á rétt verzl-

unarinna til fjörunnar er litið, að refsa stefnda fyrir ólöglega sjálfstöku í þessu máli eða fyrir annað saknæmt gjörræði, og verður sektarkrafa áfrýjanda á hendur honum því heldur eigi tekin til greina. Það verður samkvæmt þessu að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti. Þar eð stefndi eigi mætti fyrir yfirdóminum, verður málskostnaður fyrir þessum rétti að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður.  
Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 20. októbermánaðar.

Nr. 27/1902:

Réttvísinn

gegn

Jens Fr. Jensen.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 7. júní þ. á., var hinn ákærði Jens Fr. Jensen dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsishegningu við vatn og brauð í 4×5 daga og til að greiða allan af vralinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í héraði Björns Árnasonar bæjarfulltrúa, 8 kr. Dómi þessum hefir hlutadeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirréttarins.

Með eigin játning hins ákærða, er styðst við aðrar skýrslur, er fengar eru í málinu, er það